

Álagning gjalda fyrir árið 2019 skv. ákvörðun sveitarstjórnar sem tekin var á fundi 19. september 2018

Útsvarshlutfall: Útsvarshlutfall verður óbreytt á árinu 2019, 14.52%

Fasteignaskattur: Er álagður samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

- Allt að 0,5% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- Allt að 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu..

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu í a) og c) lið um allt að 25%.

Elli- og örorkulífeyrisþegum, er búa í eigin húsnæði, er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi samkvæmt sérstakri reglugerð er sveitarstjórn hefur samþykkt. Eigendur húsa þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrotta-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf, geta sótt um styrki til sveitarstjórnar til greiðslu fasteignaskatts. Sveitarstjórn hefur sett reglur um veitingu slíkra styrkja.

Sveitarstjórn samþykkir að álögð fasteignagjöld í Mýrdalshreppi 2019 verði með eftirfarandi hætti.

Fasteignaskattur:	A-flokkur	0,48 % af fasteignamati húss og lóðar
	B-flokkur	1,32 % af fasteignamati húss og lóðar
	C-flokkur	1,65 % af fasteignamati húss og lóðar

Sveitarstjórn samþykkir álagningu eftirfarandi gjalda sem innheimt verða með fasteignaskatti.

Holræsagjald: er 0,20 % af fasteignamati húss og lóðar

Rotþróargjald: er kr. 11.018.-

Lóðarleiga: er 1,5 % af lóðarmati lóðar

Vatnsgjald: er 0,15 % af fasteignamati húss og lóðar

Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar verður innheimtur fasteignaskattur skv. c lið af öllu húsnæði sem nýtt er í tengslum við ferðaþjónustu, en tekið tillit til nýrra laga um heimagistingu verði sýnt fram á að húsnæðið sé ekki leigt nema í 90 daga á ári eða tekjur af útleigu fari ekki yfir 2 milljónir.

SORPGJÖLD	Sorpgjöld 2019		
	Sorphreinsun og förgun	Gámavöllur og endurvinnsla	og SAMTALS
Íbúðir	Kr.	Kr.	Kr.
Íbúðarhús	21.274	22.121	43.395
Sumarhús	10.632	11.061	21.692
Fyrirtæki			
Flokkur 0		25.124	25.124
Flokkur 1	27.638	27.638	55.275
Flokkur 2	90.562	55.259	145.821
Flokkur 3	181.137	73.057	254.194
Flokkur 4	271.700	76.027	347.727
Flokkur 5	362.258	82.896	445.154

Sveitarstjórn samþykkir með fyrirvara um breytingar vegna nýs samnings sem gerður verður um sorphirðu í Mýrdalshreppi.

Þá samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi:

- Leikskólagjöld og tónskólagjöld hækka um 2,5% milli ára og sama á við um önnur gjöld svo sem vegna dægradvalar og fæðiskostnaðar.
- Gjaldskrá fyrir hunda- og kattaleyfi hækkar um 2,5% frá álagningu síðasta árs og verður því 8.610 á hvert dýr.
- Gjaldskrá íþróttamannvirkja verður tekin til endurskoðunar í haust.